

AUGLÝSING um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Víkurheiði Selfossi, deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 28. apríl 2021, tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir Víkurheiði á Selfossi. Deiliskipulagsbreytingin felur í sér breytingu á lóðastærðum, lóðafjölda og á byggingarreitum. Breytingin nær til lóðanna Víkurheiði 6, 7, 8, 9, 10 og 11. Markmið með breytingunni er að efla framboð á atvinnulóðum af ýmsum stærðum, þetta byggðina og auka nýtingu á svæðinu.

Óverulega breyting á deiliskipulagi í Fosslandi.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 28. apríl 2021, tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi í Fosslandi.

Tillagan tekur til 4. áfanga Fosslands og varðar göngustíg milli Lækjarbakka og Starmóa.

Deiliskipulagstillögurnar hafa hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagstillögurnar öðlast þegar gildi.

Selfossi, 27. júlí 2021.

Anton Kári Halldórsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 12. ágúst 2021